

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980:

Söltuð ufsaflök:	U. S. \$ pr. kg Cif.
16/20 FF	3.03
16/20 AB	2.57
21/25 FF	2.93
21/25 AB	2.48
26/30 FF	2.82
26/30 AB	2.39
31/35 FF	2.71
31/35 AB	2.30
36/40 FF	2.61
36/40 AB	2.21
41/45 FF	2.50
41/45 AB	2.10
46/50 FF	2.39

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júní 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1980:

	U. S. \$ pr. lb. Cif.
Lausfrystur hörpudiskur	2.85
Blokkfrystur hörpudiskur	2.65
Rauður hörpudiskur	1.55

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrögnum verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júní 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

G J A L D S K R Á

yfir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efna- og gerlarannsóknir, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Efnagreiningar.

Fiskmjöl.	
Vatn	kr. 2 000
Salt	— 2 500
Prótein (Kjeldahl)	— 5 000
Fita (Soxhlet)	— 3 500
Aska	— 2 500
Ammoníak	— 2 500
Sandur	— 2 500
Kalcium	— 3 500
Fosfór	— 4 000
Meltanlegt prótein	— 8 000
Lysin, nýtanlegt	— 16 000
Natríum nítít	— 4 500
DMNA gasgr.	— 10 000
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	— 4 000
Sýrustig pH	— 2 000
Útflutningssýni vottorð	— 2 500
Amínosýrur.	
a. Lýsin, histidin, ammoníak, arginin, asparaginsýra, threonin, serin, glutamínsýra, prolin, glysin, alanin, valin, isoleucin, leucin, tyrosin, phenylalanin	kr. 40 000
b. Methionin og cystin	— 20 000
Fullkomin aminosýrugreining	— 60 000